



UNIVERSITY OF ICELAND

Upplýsingaleit á Internetinu Heilsa og lífsstíll

Dr. Ágústa Pálsdóttir
dósent, bókasafns- og upplýsingafræði
Háskóli Íslands

Yfirlit erindis

- ✓ Meginmarkmið og bakgrunnur
- ✓ Nokkrar skilgreiningar
- ✓ Rannsóknaraðferðir
- ✓ Helstu niðurstöður
- ✓ Samantekt

Meginmarkmið rannsókna

- Rannsaka þróun í upplýsingahegðun Íslendinga á sviði heilsueflingar frá 2002 til 2007
 - Hversu oft aflar fólk sér upplýsinga á Internetinu og í öðrum miðlum? Hvernig metur fólk gæði upplýsinga? Hefur orðið breyting á upplýsingaöflun og mati á gæðum upplýsinga?
 - Ýmsir þættir sem tengjast upplýsingaöflun úr heimildum á Internetinu?
 - Hvaða þættir virka sem hindrun – eða - hvatning - við öflun upplýsinga?
- Rannsaka tengslin milli upplýsingahegðunar og skynjaðrar heilsustjórnunar
- Rannsaka tengslin milli upplýsingahegðunar og heilsutengdrar hegðunar, þ.e. mataræðis og hreyfingar

Hvernig er hægt að miðla upplýsingum og fræðslu á sem markvissastan og áhrifaríkastan hátt til mismunandi hópa samfélagsins?

Bakgrunnur

- Brýn þörf fyrir bætta heilsuhegðun meðal almennings – einkum varðandi hreyfingu og matarræði
 - Heilsuefling: Með því að sjá fólki fyrir upplýsingum og fræðslu er hægt að stuðla að bættri heilsuhegðun
 - Þjóðfélagshópar standa misvel að vígi þegar að því kemur að afla, tileinka sér og notfæra þær upplýsingar sem í boði eru
- Bylting í möguleikum til að afla og miðla upplýsingum og þekkingu
 - Vísbendingar um ruðningsáhrif vegna tilkomu Internetsins
 - Fyrri rannsóknir hafa verið að bera saman upplýsingaleit í tiltölulega fáum heimildum og vöntun hefur verið á rannsókn sem skoðar þróun í upplýsingaleit í helstu flokkum heimilda yfir árabíl

Upplýsingahegðun

Upplýsingahegðun er öll mannleg hegðun í tengslum við upplýsingar, af hvaða tagi sem er

Upplýsingahegðun nær yfir marga þætti, meðal annars:

- mismunandi form upplýsingaleitar, svo sem:
 - þegar upplýsinga er leitað af ásetningi
 - þegar fólk rekst á upplýsingar
- vandamál eða hindranir sem fólk upplifir í tengslum við upplýsingahegðun
- hvernig fólk metur gæði upplýsinga
- val á heimildum og miðlum til að leita upplýsinga í
- hagnýting upplýsinga

(Wilson, 2000)

ELIS

(Everyday life information seeking)

“... refers to the acquisition of various informational (both cognitive and expressive) elements which people employ to orient themselves in daily life or to solve problems not directly connected to performance of occupational tasks. Such problems may be associated with various areas of everyday life, for example, consumption and health care” (Savolainen, 1995).

Health literacy

...“the cognitive and social skills which determine the motivation and ability of individuals to gain access to, understand and use information in ways which promote and maintain good health”

(WHO, 1998)

Áhersluatriði - Upplýsingaleit á Internetinu

- Upplýsingaleit af ásetningi (purposive information seeking):

Fólk uppgötvar gap í þekkingargrunni sínum sem verður til þess að það ákveður að leita að upplýsingum

- Aðgangur að Internetinu
- Leit að upplýsingum um heilsu og lífsstíl
- Hindranir í upplýsingaleit
- Leit að upplýsingum um önnur málefni: starf, nám, tómstundir og daglegt líf
- Mat á færni til að nota Internetið til að afla upplýsinga

Aðferð

➤ Úrtak:

- 1.000 manns á aldrinum 18 til 80 ára
- Úrtaksaðferð: tilviljunaraðferð

➤ Póstkönnun:

- Gögnum safnað vor 2007
- Svörun : 47%

➤ Klasagreining:

- K-means
- Fjórir hópar dregnir

Skipting samkv. kyni, aldri og menntun sbr. þýði - 2007

Kyn:	Svörun			Þýði
Men	45.9%	+/- 4.5%	41.4-50.4%	50.9%
Women	54.1%	+/- 4.5%	49.6-58.6%	49.1%
Aldur:				
18 – 29	16.9%	+/- 3.4%	13.5-20.3%	24.4%
30 – 39	16.9%	+/- 3.6%	15.3-22.5%	19.8%
40 – 49	20.4%	+/- 3.7%	16.7-24.1%	20.5%
50 – 59	17.6%	+/- 3.5%	14.1-21.1%	16.8%
60 -	26.2%	+/- 4.0%	22.2-30.2%	18.5%
Menntun:				
Grunnskóli	27.0%	+/- 4.0	23.0-31.0%	33.4%
Framhaldsskóli	42.2%	+/- 4.5	37.7-46.7%	40.3%
Háskóli	30.8%	+/- 4.2	26.6-35.0%	26.3%

Helstu mælitæki

- **Lýðfræðilegar breytur:**
 - Kyn – Aldur – Menntun
- **Aðgangur að Internetinu:**
 - Í vinnu – Í skóla – Á heimili – Aðrir staðir – Ekki aðgangur
- Hefur þú **leitað að** upplýsingum um heilsu og lífsstíl á einhverjum af eftirfarandi stöðum?
 - Umræðu- eða fréttahópum
 - Tímaritum eða dagblöðum
 - Vefsíðum gefnum út af aðilum innan heilbrigðiskerfisins
 - Vefsíðum útgefnum af öðrum
 - Auglýsingum
- **Leit að öðrum upplýsingum á Internetinu:**
 - Starf – Nám – Tómsundur – Daglegt líf
- **Hindranir: Leit - Skilningur - Fjárhagur**
- **Færni í að nota Internetið til upplýsingaöflunar**

Fjöldi þátttakenda í klösum


Klasar	<u>2007</u>
Passive	148
Moderately passive	52
Moderately active	105
Active	84
Valid cases	389
Missing cases	46

	Passive	Moderate passive	Moderate active	Active
<i>Kyn (%)</i>				
Karlar	<u>64.9</u>	<u>21.2</u>	41.0	35.7
Konur	<u>35.1</u>	<u>78.8</u>	59.0	64.3
<i>Aldur (%)</i>				
18-29	15.6	<u>30.8</u>	<u>9.6</u>	26.2
30-39	19.7	<u>17.3</u>	20.2	<u>29.7</u>
40-49	<u>18.4</u>	<u>32.7</u>	23.1	22.6
50-59	<u>20.4</u>	<u>9.6</u>	19.2	16.7
60-80	25.9	9.6	<u>27.9</u>	<u>4.8</u>
<i>Menntun (%)</i>				
Grunnskóli	28.4	<u>17.4</u>	<u>29.8</u>	19.1
Framhaldssk.	<u>47.3</u>	<u>28.8</u>	39.4	<u>47.6</u>
Háskóli	<u>24.3</u>	<u>53.8</u>	30.8	33.3


Aðgangur að Internetinu (%) - 2007

	Passive	Moderate passive	Moderate active	Active
Vinna	<u>47.3</u>	67.3	56.2	<u>72.6</u>
Skóli	11.5	<u>23.1</u>	<u>8.6</u>	19.0
Heimili	85.8	<u>96.2</u>	<u>75.2</u>	95.2
Aðrir staðir	7.4	7.7	5.7	6.0
Ekki aðgangur	8.8	3.8	<u>16.2</u>	<u>0.0</u>


Leit að upplýsingum um heilsu og lífsstíl á Internetinu



Leit að upplýsingum í tengslum við starf




Leit að upplýsingum í tengslum við nám




Stýrt fyrir kyn, aldur og menntun, $p < 0.001$

Leit að upplýsingum í tengslum við tómstundir




Leit að upplýsingum í tengslum við daglegt líf




Stýrt fyrir aldur og menntun, $p < 0.001$

Hindranir

I don't know where to seek information




Information are complicated and difficult to understand



Stýrt fyrir kyn,aldur og menntun, $p < 0.001$


Stýrt fyrir kyn,aldur og menntun, $p < 0.01$

I can't afford to obtain information



Stýrt fyrir aldur og menntun, $p < 0.05$

Færni í að nota Internetið til upplýsingaöflunar



Stýrt fyrir aldur og menntun, $p < 0.005$

Samantekt 1/3

Aðgangur að Internetinu:

- Samanburður á niðurstöðum um aðgang að Internetinu við niðurstöður Hagstofu Íslands (2007) sýnir að hærra hlutfall þeirra sem tilheyra *Active* (95.2%) og *Moderately passive* klösunum (96.2%) hafa aðgang heiman frá en Íslendingar almennt (84%). Tölur fyrir *Passive* klasann (85.8%) eru sambærilegar við niðurstöður Hagstofunnar en hins vegar er hlutfallið innan *Moderately active* klasans (75.2%) lægra
- Hærra hlutfall fólks í *Active* og *Moderately passive* klösunum hafa aðgang að Internetinu á vinnustað og í skóla en hjá *Passive* og *Moderately passive* klösunum

Samantekt 2/3

Upplýsingaleit á Internetinu:

- *Active* og *Moderately passive* klasarnir nota Internetið meira til að leita upplýsinga en *Passive* og *Moderately active* klasarnir. Það á við um leit að upplýsingum um heilsu og lífsstíl og einnig upplýsingaleit í tengslum við starf, nám, tómstundir og daglegt líf fólks
- Fólk virðist leita tiltölulega sjaldan að upplýsingum um heilsu og lífsstíl miðað við upplýsingar um ýmis önnur málefni

Hindranir:

- *Passive* og *Moderately active* klasarnir upplifa fleiri hindranir en *Active* og *Moderately passive* klasarnir:
 - *Passive* klasinn er líklegastur til að vera í vandræðum með að vita hvar hægt er að leita upplýsinga
 - *Moderately active* klasinn er líklegastur til að eiga í fjárhagsvanda
 - *Passive* og *Moderately active* klasarnir eru líklegastir til að telja upplýsingar um heilsu og lífsstíl flóknar og erfiðar að skilja

Samantekt 3/3

Mat á færni til upplýsingaöflunar á Internetinu:

- Þó meðlimir *Passive* og *Moderately aktive* klasanna noti Internetið sjaldnar til að leita upplýsinga en meðlimir *Active* og *Moderately passive* klasanna telja þeir sig hafa meiri færni til að nota Internetið til upplýsingaöflunar
- **Competency theory (Kruger and Dunning, 1999):**
 - Fólkk sem hefur litla færni hefur tilhneigingu til að ofmeta getu sína. Geta þeirra er svo lítil að það bæði stendur sig illa og skortir þekkingu til að átta sig á því
 - Fólkk sem er mjög fært hefur tilhneigingu til að vanmeta getu sína. Mat á eigin frammistöðu fer yfirleitt nærri sanni (t.d. á prófi) en það ofmetur frammistöðu annarra. Samanburður á eigin frammistöðu miðað við aðra verður þess vegna skekktur



Takk fyrir!

<http://informationr.net/ir/14-1/paper389.html>